

Almennur úrskurður

Frá: Dómnefnd í Miðsumar rally BÍKR 2023
Til: Keppanda nr. 18, keppanda nr. 99 og keppnisstjóra
Skjal: 23
Dagsetning: 25. júní 2023
Klukkan: 20:43

Málsatvik

Á meðan kærufrestur vegna bráðabirgðaúrslita leið, eða kl. 16.13, vakti keppnisstjóri athygli dómnefndar á að í Bráðabirgðaúrslitum sem birt voru kl. 16.00, í skjali #22, væri villa. Ranglega hefði verið reiknaður út og birtur aksturstími ökutækis nr. 18 á sérleið nr. 2, Kaldidalur Suður B, og það hefði áhrif á úrslit keppinnar.

Formaður dómnefndar, Aðalsteinn Símonarson, dró sig í hlé eftir að framangreint erindi frá keppnisstjóra lá fyrir, og tók ekki þátt í vinnslu málsins, ákvörðunartöku eða afgreiðslu þess vegna tengsla við aðila málsins.

Niðurstaða

Gögn þau sem dómnefnd voru afhent af keppnisstjóra, þ.e. blöð tímavarða og tímabók, sýna að ökutæki nr. 18 var ræst inn á sérleið nr. 2 kl. 10.09.00, sem og að ökutæki nr. 18 var flaggað út við enda sérleiðar nr. 2 kl. 10.27.38. Aksturstími þess á sérleið nr. 2 var því 18.38 mínútur.

Samkvæmt tímayfirliti sem dómnefnd fékk frá keppnisstjóra kl. 15.50, og heimilaði kl. 15.54 að birta sem Bráðabirgðaúrslit, er aksturstími ökutækis nr. 18 skráður 19.38 mínútur, eða 1.00 mínútur lengri en raunin var samkvæmt fyrirliggjandi gögnum.

Úrskurður

Aksturstími ökutækis nr. 18 á sérleið nr. 2 var 18.38 mínútur. Heildar refsing þess ökutækis/áhafnar samkv. gr. 4.9.1.a í Keppnisgreinareglum um rally er 1:27:22.

Við ofangreinda leiðréttingu verður breyting á úrslitum keppinnar og teljast þau rétt vera sem hér segir:

Sæti í keppninni	Ökutæki nr.	Áhöfn	Refsing samkv. 4.9.1.a
1	1	Gunnar Karl / Ísak	1:10:49
2	16	Jóhann / Heiða	1:21:57
3	17	Hlöðver / Jón	1:23:04
4	29	Jóhannes / Björgvin	1:23:40
5	18	Daniel / Úlfar	1:27:22
6	99	Valdimar / Adam	1:28:14
7	28	Agnar / Valgarður	1:29:01
8	8	Gedas / Titas	1:36:19
9	15	Halldór / Sigurgeir	1:46:03

Keppnisstjóra er veitt heimild til að birta framangreint sem lokaúrslit.

Keppendum er bent á rétt sinn, samkvæmt grein 15 í reglubókinni, til að áfrýja úrskurði dómnefndar.

Í ljósi aðstæðna, og með vísan í gr. 15.4.2.b, er tími til tilkynningar um ætlun um áfrýjun 23 klst. frá birtingu úrskurðarins.

Baldur Haraldsson dómnefndarmaður
Guðmundur Örn Þorsteinsson dómnefndarmaður